

Mál nr. 186/2007

**M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/bifhjólsins B**

Árekstur á Breiðholtsbraut þann 13.08. 2007

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 27.09. 2007, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.10. 2007.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 17.11. 2007 ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið austur Breiðholtsbraut. Þegar ökumaður hennar skipti um akrein vildi ekki betur til en svo að bifhjólið B, sem ekið var í sömu átt, lenti aftan á A. Ágreiningur er milli ökumanna um hvort B hafi verið ekið á A vegna of mikils ökuhraða eða hvort A hafi ekið í veg fyrir B.

Vátryggingafélagið A telur að A hafi skipt um akrein í veg fyrir B sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga.

Vátryggingafélagið B telur að A hafi skipt um akrein í veg fyrir B.

Ökumaður A gerir athugasemdir við skýrslu lögreglu í málskotinu sem óþarft er að geta.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að skipta um akrein í veg fyrir B.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 13. nóvember 2007

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.